



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

7. mars 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Öryggisnefnd félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA) hefur borist beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar, 152. mál um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Í greinargerðinni með tillögunni koma fram sjónarmið sem ÖFÍA tekur undir. Tilkoma GPS leiðsögu hefur mikil áhrif á staðarval og möguleika til að- og brottflugs. Undirlendi á Vestfjörðum til flugvallargerðar er vandfundið, en tilkoma jarðgangna og bættar vegsamgöngur hafa breytt landslaginu heilt yfir. Staðarvalskönnun er langt ferli sem kallar á ítarlegar veðurfarsrannsóknir, sérstaklega við aðstæður eins og á Vestfjörðum.

Eina fullbúna hátækisjúkrahúsið sem þjóðin hefur bolmagn til að reka er í Reykjavík. Burðarásinn í sjúkraflugi á Íslandi er Beechcraft King Air skrufubotan, hraðfleyg vél búin jafnþrýsti- og afísingarbúnaði sem fljúga má auðveldlega yfir hálendi Íslands í vetrarveðrum. Vel staðsettur flugvöllur við sjávarmál í fjarðarminni gæti einnig aukið aðgengi að eldsneyti fyrir sjúkra- og björgunarflug á þyrlum í slæmum veðrum. Viðraðar hafa verið hugmyndir um flugbraut á fyllingu við Arnarnesið sunnanmegin í minni Skutulsfjarðar. Vert væri að kanna hvort veðurfar og staðsetning við Arnarnesið geti sýnt framá vænlegan kost fyrir flugvallarstæði.

Tilkoma jarðgangna og bættar vegasamgöngur hafa breytt landslagi Vestfjarða. Þannig hafa skapast kringumstæður sem gefa tilefni til að endurskipuleggja rekstur flugvalla svæðisins. Íbúar einhverra bæjarfélaga gætu þurft að aka lengri vegalengd að nýjum flugvelli, sem væri þá opinn og nothæfur fleiri daga á ári.

Heilt yfir hugnast meðlimum ÖFÍA vel að fram fari staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum, til þess að tryggja skilvirkar og öruggar flugsamgöngur á Vestfjörðum.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖFÍA

Ingvar Tryggvason

Alþingi,
umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Efni; umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. 152. mál á 149 löggjafarþingi.

Umhverfis og samgöngunefnd óskaði umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um framangreint mál með tölvupósti þann 21. febrúar s.l..

Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar markmiðum sem hér eru sett fram um að gerð verði staðarvalskönnun fyrir nýjum flugvelli á Vestfjörðum.

Í greinargerð með þingsályktuninni er vandlega farið yfir hvernig aðstæður sem landslag og veðurlag takmarka þjónustu áætlunarflugvallar á Vestfjörðum. Flugleiðsögn er einnig takmarkandi þáttur.

Samkvæmt nýsamþykkttri samgönguáætlun 2019-2033 munu landsamgöngur Vestfjörðum innan átta ára hafa tekið stórstígum framförum. Hér skal árétuð krafa um flýtingu þeirra framkvæmda og fram koma í umsögnum FV um Samgönguáætlun. Samhliða þessum framförum í landssamgöngum er fiskeldi og ferðaþjónusta í hraðri uppbyggingu. Þessar nýju aðstæður eru því að skapa hér tækifæri er til að endurhugsa flugsamgöngur á Vestfjörðum upp á nýtt.

Hér skal einnig minnta á að í Heilbrigðisáætlun 2030 eru markmið um jöfnun aðgengis allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu og þar eru m.a. aðgengi íbúa að sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum á Akureyri og í Reykjavík. Þjónustuþegar treysta margir hverjar á flug til að sækja þá þjónustu. Falli flug niður, þá má reikna með tíðari sjúkraflugum með tilheyrandi kostnaði. Í Byggðaáætlun 2018-2023 eru markmið sett um öfluga byggð um allt land, því er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi og atvinnulíf eflist. Þegar ferðatími yfirstígur ákveðin mörk þá hefur það fælingarmátt fyrir búsetuval og fyrir viðskipti og atvinnulíf almennt.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er því sem áður sagði sammála markmiðum þingsályktunarinnar en telur að í greinargerð sé komist of hratt að niðurstöðu um þrjá flugvallarkosti. Mælir FV með að gerð verði ítarlegri greining á landfræðilegum aðstæðum sem gætu hentað flugvelli á Vestfjörðum og horft verði til þróunar í flugleiðsögn s.s. gervihnattarleiðsögn og þróunar í flugvélakosti sem hentaði samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum. Eins hvetur FV að hafnar verði nú þegar veðurmælingar á líklegum stöðum fyrir flugvöll, en þá í samráði við Veðurstofu Íslands og sérfræðinga á sviði flugmála.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Ísafirði 7. mars 2019



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar Vestfjarðastofu.

Efni: Umsögn Isavia

Vísað er til umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 21. febrúar sl. vegna tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. 152. mál.

Isavia hefur nú umsjón með fjórum flugvöllum á Vestfjörðum. Ísafjarðarflugvelli, Bíldudalsflugvelli, flugvelli á Gjögri og Þingeyri. Athygli er vakin á að fjármagn til reksturs og fjárfestinga þeirra og annarra flugvalla innanlands er langt undir því sem félagið hefur talið nauðsynlegt.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar nefna þrjá valkosti sem eru:

1. Í austanverðum Dýrafirði, t.d. á Mýrarmel eða utan við Gemlufall.
2. Í norðanverðu mynni Skutulsfjarðar, t.d. við hraðfrystihús HG.
3. Í innanverðu Ísafjarðardjúpi, t.d. við Reykjanes.

Félagið bendir á að landfræðilegar aðstæður á Vestfjörðum bjóða ekki uppá marga valkosti í staðsetningu nýs flugvallar og að það hefur sjálft ekki lagt af stað í sérstakar rannsóknir eða mat á þessum valkostum en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

1. Dýrafjörður

Þingeyravöllur varð gerður upp árið 2007 og notaður sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð þó aðallega í S-A áttum. Að jafnaði lentu um 15-17 flug á ári af þeim 100 flugum sem falla niður árlega vegna veðurs á Ísafirði. Um miðjan vetur 2013 sporuðu 2 vélar Flugfélags Íslands sig niður úr slitlaginu og var velli af þeim sökum lokað í kjölfarið. Við sýnatöku úr flugbrautinni kom í ljós að of mikið fínefni og leir var til staðar. Eftir það hefur völlurinn verið lokaður yfir vetrartímam frá 15. okt til 1. júní og skilgreindur sem malarvöllur.

Svæðið í austanverðum Dýrafirði á Mýrarmel eða utan við Gemlufall liggur þvert á ríkjandi vindátt og aðflug í fjallendi Dýrafjarðar verður alltaf erfitt.

2. Mynni Skutulsfjarðar - Hraðfrystihús HG.

Veðurmælir nærri Hnífsdal var settur upp í kring um áramótin 2017 til 2018 í samvinnu Veðurstofu Íslands og Isavia. Kostnaður af uppsetningu og rekstri mælisins hefur verið greiddur af Isavia. Hann mælir raunvind, þ.e. vindhraða og vindátt sem er safnað á Veðurstofu Íslands. Það ætti að vera búið að safna um einu ári frá þessum stað. Í leiðbeiningum Alþjóðafflugmálastofnunarinnar (ICAO), þá er nýtingarstuðull fyrir flugvelli yfirleitt byggður á a.m.k 5 ára veðurfarslegum upplýsingum, sem eru fyrst og fremst vindupplýsingar, en einnig er að jafnaði tekið mið af skyggni og jafnvel skýjahæð. Ef ekki er talið unnt að safna gögnum í svo langan tíma, er stundum hægt að tengja við aðrar nærliggjandi stöðvar og mynda þannig líkleg gildi lengra aftur í tímann fyrir viðkomandi stöð. Á þessu svæði eru t.d. sjálfvirkar stöðvar Veðurstofunnar í Bolungarvík (frá 1999) og í Æðey (frá 2012), ásamt stöðvum Isavia á Ísafjarðarflugvelli annars vegar og í Arnarnesi hins vegar.

Nauðsynlegt verður að gera rannsóknir á því hvort að hægt sé að fljúga blindflug að mynni Skutulsfjarðar en Isavia hefur ekki lagt af stað með það verkefni sem þarf að fjármagna sérstaklega.

3. Reykjanes í innanverðu Ísafjarðardjúpi

Reykjanesið býður uppá betri flugaðstæður og auðveldara aðflug en ókosturinn er fjarlægð frá helstu byggðakjörnum.

Félagið er tilbúið að mæta á fund nefndarinnar til að fara yfir þessar ábendingar og svara frekari spurningum ef óskað er.

F.h. Isavia ohf.

Með kveðju,

Karl Alvarsson

Yfirlögfræðingur / General Counsel, LLM



Umsögn um tillögu til þingsályktunar 149. Löggjafarþings 2018-2019, þingskjal 152-152. mál um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Landhelgisgæsla Íslands (hér eftir LHG) vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn varðandi staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum með tilliti til starfsemi LHG við björgunar- og sjúkraflug. LHG fagnar því að verið sé að leggja drög að bættum flugsamgöngum á Vestfjörðum og bindur vonir við að það geti haft jákvæð áhrif á hlutverk LHG.

Eitt megin hlutverk þyrlna LHG er að veita björgunarþjónustu við sjómenn í kringum Ísland þar sem gott aðgengi að eldsneyti skiptir miklu máli. Einnig sinna þyrnlurnar aðkallandi sjúkraflutningum á landi, þá oft á tíðum þegar skilyrði valda því að ekki er hægt að notast við hefðbundnar sjúkraflugvélar. Þyrurlur eru í eðli sínu hægflýgari en flugvélar og skipta því vegalengdir milli eldsneytisstaða þær miklu máli. Nú er eldsneyti ekki lengur fáanlegt á Bildudal og núverandi Ísafjarðarflugvöllur því eini staðurinn á Vestfjörðum með eldsneyti fyrir þyrurlur LHG. Ef ekki reynist fært inn á Ísafjörð eru næstu flugvellir með eldsneyti þar af leiðandi Rif og Sauðárkrókur. Bein fluglína á þessa flugvelli er um eða yfir 30-40 mínútna flug fyrir þyrllu við bestu skilyrði þar sem fljúga þarf yfir fjöll og firði. Í slæmum skilyrðum er oft á tíðum ekki hægt að fara þessar leiðir í beinni línu og þarf þá að fljúga með ströndu til að forðast áhrif veðra og vinda. Það getur þá allt að tvöfaldað fyrrgreindan tíma til að komast að eldsneyti.

Vel staðsettur flugvöllur niðri við sjávarmál í fjarðar minni gæti aukið aðgengi þyrlna og flugvéla til muna. Flugmenn LHG hafa viðrað hugmyndir um flugbraut á fyllingu við Arnarnes í suð- austanverðu minni Skutulsfjarðar þar sem flugbraut gæti legið til NV/SA. Einnig mætti skoða þarna möguleika á þverbraut sem lægi þá frá norður enda fyrrgreindrar brautar í NA/SV og inn með hliðum Skutulsfjarðar (Sjá mynd að neðan).

Að auki við þá þrjá kosti sem lagðir eru til í þingsályktunartillögunni leggur LHG til að kannaðir verði kostir og gallar flugvallastæðis við Arnarnes. Skoða mætti hvort til séu langtíma gögn um vindmælingar á Arnarnesi sem gerðar hafa verið þar um áratuga skeið.

Gagnvart þjónustugetu flugvélar LHG við Vestfirði mætti einnig athuga hvort hagkvæmt væri að endurbyggja Patreksfjarðarflugvöll og/eða byggja upp Hólmarvíkurflugvöll. Slík endurbygging og/eða uppbygging þyrfti þá að miðast við um 1.500 metra malbikaða flugbraut og möguleika á blindaðflugi.



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Skrifstofa Alþingis, nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2019
Tilv.: 1902988 / GA, AV, TBÓ

Málefni: 152. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - þál. staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

I. Umsögn Samgöngustofu við 152. mál 149. löggjafarþings 2018 – 2019, tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Samgöngustofa gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Í umsögn Samgöngustofu er hér einungis tekið tillit til öryggisþátta hvað varðar staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Við könnun um mögulega staði fyrir flugvöll, þarf að taka tillit til krafna og tilmæla um flugvelli útgefnum af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og ESB reglugerða sem Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) hefur eftirlit með auk íslenskra laga og reglugerða. Fyrir flugvöll, sem gæti nýst sem alþjóðaflugvöllur, gildir reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.

Hér að neðan eru talin upp ýmis lög, reglugerðir, staðlar og tilmæli, sem uppfylla þarf að taka tillit til í staðarvalskönnuninni.

Íslensk lög

Lög um loftferðir, nr. 60/1998

EASA – (Reglugerðir sem gilda á Íslandi)

Regulation (EU) 2018/1139 (áður (EB) nr. 216/2008)

Regulation (EU) No 139/2014

ICAO

- A) International Standards and Recommended Practices
 - Annex 9, Facilitation
 - Annex 14, Volume I, Aerodrome Design and Operations
 - Annex 15, Aeronautical Information Services
 - Annex 17, Security
 - Annex 19, Safety Management
- B) Airport Planning Manual (Doc 9184)
 - Part 1 — 3
- C) Aerodrome Design Manual (Doc 9157)
 - Part 1 — 6
- D) Airport Services Manual (Doc 9137)
 - Part 1 — 9

II. Ábendingar Samgöngustofu við 152. mál 149. löggjafarþings 2018 – 2019, tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum.

Samantekt gagna og úrvinnsla til að fá samanburð á milli staða getur tekið nokkur ár. Vera má, að stytta megi þennan tíma með því að nýta sér fyrirbyggjandi skýrslur og mælingar ríkisstofnana og sveitarfélaga auk þess að fá þaðan aðstoð, sem beinast að hugmyndum um staðsetningu nýs flugvallar á Vestfjörðum. Dæmi um mögulega aðila til staðar framgangi málsins og umfjöllunarefni þeirra:

- a. Stjórnarráð og Alþingi
Eignarhald mannvirkja og fjárveiting til staðarvalskönnunar, mannvirkjagerðar og rekstrar.
- b. Isavia ohf.
 - i) Skilgreining grunnþarfa, umsjón með könnun: Flugbrautir, akbrautir, hlöð, búnaður, aðstaða, aðflugs- og fráflugsferlar og önnur flugleiðsaga, hindranafletir, útvegur veðurmælinga, útvegur tölfraeði s.s. um fjölda flugfarþega á svæðinu.
 - ii) Samstarf við aðra aðila verkefnisins á meðan á því stendur.
- c. Verkfræðistofur
Mat á frumstigum fyrir ákvörðun um byggingu flugvallar, tölfraeði, mælingar og úrvinnsla þeirra, vinnuteikningar, umferðarrannsókn, samanburður sviðsmynda, frumkostnaðaráætlanir, verklýsingar, umhverfismál, útboðsgagnagerð, umsjón með verkum aðkomandi sérfræðinga, kynning á stöðu verkefnis á mismunandi stigum þess.
- d. Sveitarfélög og Skipulag ríkisins
Skipulag, jarðamörk, veitur, mælingar t.d. veðurfarskannanir við Hnífsdal, dreifing íbúa á svæðinu, áætluð byggðaþróun næstu áratuga.
- e. Veðurstofa Íslands
Umsjón með veðurmælingum og úrvinnsla þeirra, mat á veðuraðstæðum.
- f. Vegagerðin
Útvegur veðurmælinga og upplýsingar um ástand vega.
- g. Lögfræðistofur
Réttarstaða, úrlausn t.d. vegna jarðamarka.
- h. Ríkiskaup
Umsjón útboða sérfræðiþjónustu.
- i. Samgöngustofa
Yfirferð hugmynda á ýmsum stigum verkefnisins varðandi fyrirhugaða staðsetningu flugvallar, gerð hans, búnað auk ætlaðra flugleiðsögubátta.